

Reglur Egilsstaðaskóla um notkun snjalltækja á skólatíma

Snjalltæki eru hér í merkingunni símar, símaúr, spjaldtölvur, tónhlöður og önnur nettengd tæki.

Nemendur í 1.-6. bekk eiga ekki að vera með snjalltæki á skólatíma, þ.e. frá 8:50-15:30.

Snjalltæki eru ávallt á ábyrgð nemanda hvort sem þau tynast eða skemmast.

- **Snjalltæki eru aðeins leyfileg hjá nemendum í 7.-10. bekk.**
- Snjalltæki má aðeins nota í kennslustundum með leyfi kennara.
- Snjalltæki eiga alltaf að vera á hljóðri stillingu.
- Nemendum er óheimilt að taka myndir/myndbönd af nemendum/starfsfólki í skólanum. Undantekning er þegar myndatakan er hluti af skólavinnu.
- Matsalur skólans og bókasafn eru snjalltækjalaus svæði. Undantekning er ef nemendur eru við verkefnavinnu undir leiðsögn kennara.
- Nemendur mega ekki vera með opin samskiptaforrit í kennslu.
- Nemendur mega ekki fara inn á óviðeigandi vefsíður sem ekki eru ætlaðar aldri þeirra eða þroska og/eða skoða efni sem ekki er við hæfi.
- Á fimmtudögum eru nemendur hvattir til þess að taka þátt í snjalltækjalausum frímínútum og hádegishléi í skólanum.

Viðurlög við brotum á reglum þessum:

Tekið verður á þeim sem brjóta reglurnar.

1. Við fyrsta brot fær nemendinn tiltal og það er fært sem tiltal í Mentor.
2. Við annað brot er haft samband við foreldri/a símléiðis og þeir beðnir um að nemendur verði ekki með snjalltækið í skólanum í tiltekinn tíma. Viðkomandi kennari skráir í Mentor.
3. Við þriðja brot ákveður skólinn hversu lengi nemendur eru ekki með snjalltækið í skólanum. Skráð í Mentor.
4. Skólastjórnendur halda utan um skráningar.

Ef nemandi hefur ekki fengið tiltalsskráningu vegna notkunar á snjalltækjum þá fer hann í pott sem dregið er úr 2.-3 var á önn. Verðlaun eru ákveðin í samráði við nemendaráð.

Gildistími frá ágúst 2018